

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Árheimar, áður Hólmasel 2.

Deiliskipulagið tekur til um 14,4 ha spildu út úr 58,1 ha landi sem heitið hefur Hólmasel 2 en fær nafnið Árheimar. Heimild er fyrir 5 nýjum lóðum innan deiliskipulagssvæðisins, einni rúmlega 0,5 ha lóð fyrir 300 m² íbúðarhús á 1-2 hæðum og 50 m² gestahús, þremur rúmlega 0,5 ha lóðum fyrir 150 m² einnar hæðar íbúðarhús og 50 m² gestahús á hverri lóð og einni 2,9 ha lóð undir samtals allt að 2.500 m² hesthús og reiðskemmu.

Samþykkt í sveitarstjórn 24. maí 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. júní 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2018